

## 14. Frumvarp

til laga um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

### 1. gr

Á erlendan markað má ekki flytja eldri hross en 10 vetra og ekki yngri hross en 3 vetra. Tvævetur hross má þó flytja út ef þau eru stór og falleg útlits. Atvinnumálaráðherra getur þó leyft útflutning á einstökum hrossum, sem eru eldri en 10 vetra og yngri en tvævetur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem mæla með því.

### 2. gr

Áður en hross séu flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Þó getur atvinnumálaráðherra skipað aðra menn en dýralækna til þess að hafa eftirlit með útflutningnum, ef fjarlægðir eða aðrar sérstakar ástæður banna að dýralæknir geti framkvæmt skoðunina. Embættisdýralæknar skulu hver í sinu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum og greiðist hún úr rikissjóði.

### 3. gr.

Dýralækni eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 2. gr.), er skylt að lita eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stírnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í lagi. Ennfremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stiugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmur eða sandi, eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð og birtu eftir því sem ástæður frekast leyfa.

### 4. gr.

Skylt er dýralækni (eftirlitsmanni) að kyrsetja og banna útflutning á hrossum sem eru mögur og illa útlitandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt, með áberandi skakka eða hnýtta fætur eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

### 5. gr.

Þeim sem senda hross til útlanda er skylt að tilkynna það dýralækni (eftirlitsmanna) með nægum fyrirvara, ennfremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

6. gr.

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardeg.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um útbúnað skipa sem flytja hross, vatns- og fóðurbirgðir, hirðingu hrossa í skipunum, um það hvernig eftirlitinu skuli hagað og annað það er þurfa þykir vegna útflutningsins.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt 7. gr. varða sektum frá 50—1000 kr. sem renna í rikissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 73, 22. nóvember 1907, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 47, 3. nóvember 1915 og lög nr. 34, 19. maí 1930, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ákvæði eldri laga um útflutning hrossa eru að sumu leyti ekki lengur viðeigandi. Fyrirmælum laganna um útbúnað skipanna og að hestarnir skuli vera allir bandvanir og tamdir, hefir sjaldnast verið hægt að fullnægja. Banna að hefir einnig verið að flytja út hesta frá 1. nóvember til 1. júní. Er hvortveggja að lítil eða engin ástæða er nú til þess að banna útflutning hesta á þessum árstíma, síðan farið var að nota stærri og betri skip til útflutningsins og að einungis eru fluttir út fáir hestar í senn, og eins hitt, að ákvæði þetta hefir komið sér svo illa, að stundum hefir orðið að fara á snið við það. Engin ástæða er heldur til þess að setja aldurstakmark á hesta, sem einstakir menn kaupa hér á ferðum og vilja ekki skilja við sig en fá að flytja út með sér.

Hinsvegar er sjálfsagt, að hið opinbera hafi eftirlit með útflutningi hrossa, eigi aðeins að því er útlit og heilbrigði hrossanna snertir, heldur geti erlendur kaupandi einnig fengið vissu um stærð og aldur þeirra hrossa, sem hann kaupir. Er því sjálfsagt að gera dýralæknum að skyldu, að láta vottorð fylgja farmskrá skipsins um þessi atriði og gera einnig skipstjóra ábyrgan fyrir því, að vottorðið sé sent með farmskránni. Fær kaupandi á þann hátt nokkra tryggingu fyrir því, hvernig hross þau eru sem hann kaupir og batnar við það aðstaða hans til þess að ná rétti sínum á seljanda, ef ekki er staðið við samninga að því er stærð og aldur hestanna snertir og sem alltaf eru aðalatriði samningsins.

Þá hafa ennfremur ýms önnur ákvæði um aðbúð hestanna o. fl., sem stendur í lögnum frá 22. nóv. 1907 verið felld í burtu. Er ætlast til þess, að ákvæði um þetta verði sett, eftir því sem þörf kynni að þykja, í reglur þær, sem

um getur í 7. gr. frumvarpsins, og eiga þau þar betur heima en í sjálfum lög-  
unum.

Engin ástæða virðist til skýringa á einstökum greinum frumvarpsins.